

við frv. til áfengislaga.

Frá Ingvari Palmasyni og Sigurjóni Á. Ólafssyni.

1. Við 3. gr.
 - a. Orðin „Þó má skipið . . . þeim forða“ í niðurlagi 2. málgr. falli niður.
 - b. 4. málgr. falli niður.
2. Við 9. gr. Greinina skal orða svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn nýja útsölastaði áfengis, en þó aðeins í kaupstöðum og kaupsýslum. Áður en útsalan er sett á stofn, skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í hlutaðeigandi lögsagnarumdæmi, og þarf $\frac{3}{5}$ hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Í kaupstöðum, þar sem áfengisútsölur eru, þegar lög þessi öðlast gildi, er heimilt að selja aðrar tegundir áfengis en þær, sem um ræðir í lögum nr. 3 4. apríl 1932, en þó með sömu skilyrðum sem um nýja útsölastaði væri að ræða.

Hafi verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða leyfa sölu sterkra drykkja þar, sem útsala var fyrir, getur atkvæðagreiðsla um það ekki farið fram á ný fyrr en að fjórum árum liðnum.
3. Við 11. gr. Í stað seinni málsgreinar komi:

Í vinveitingaleyfi eða reglugerð skal ákveða skilyrði fyrir veitingasölu. Þar skal meðal annars tekið fram:

 - a) Að veitingar fari aðeins fram í veitingasölum, og aðeins í sambandi við máltíðir.
 - b) Að veitingar fari aldrei fram eftir kl. 9 að kveldi.
 - c) Að veitingar fari aldrei fram í sambandi við dansskemmtanir.
4. Við 12. gr.
 - a) Við c-lið. Liðurinn orðist svo: að sölulaun áfengis fari aldrei fram úr 10% — tíu af hundraði.
 - b) Á eftir gr. komi ný grein (síðasta grein IV. kafla):

Aldrei má áfengisverzlunin eða útsölur hennar láta af hendi til einstaklinga meira en 5 lítra áfengis í senn, og enginn einstaklingur má hafa í sínum vörzlum meira áfengi í einu en sem því nemur.
5. Við 16. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Óheimilt skal öllum öðrum en áfengisverzlun ríkisins að flytja áfengi innan takmarka þeirra lögsagnarumdæma, þar sem áfengissölur hafa ekki verið leyfðar.
6. Við 17. gr. Orðin „nema leyfi lögreglustjóra komi til“ falli burt.
7. Á eftir 23. gr. kemur ný grein, er orðist svo:

Ríkisstjórnin skipar sér til aðstoðar ráðunaut í áfengismálum. Skal hann skipaður að fengnum tillögum frá stjórnnum þeirra bindindisfélaga, sem styrks njóta af opinberu fé til bindindisstarfsemi.
8. Við 24. gr.
 - a) Aftan við síðari málsgrein bætist: að fengnum tillögum áfengismálaráðunautar.
 - b) Á eftir gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin skal láta auglýsa, á skipum, sem annast farþegaflutning með ströndum landsins, á veitingahúsum, pósthúsum og símastöðvum og öðrum þeim stöðum, sem þurfa þykir, útdrátt úr lögum þessum.
9. Greinatalan breytist samkvæmt atkvæðagreiðslu.